



# Suðurland 2050

# Drifkraftar

Árþing SASS

—  
31. október 2024

Sævar Kristinsson  
María Rós Skúladóttir  
Lilja Ósk Alexandersdóttir



# Um samantektina

Eftirfarandi eru vinnugögn frá vinnustofu á Árspingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, sem haldið var á Hótel Örk 31. október 2024.

Tilgangur vinnustofunnar var að draga fram helstu drifkrafta í atvinnu- og samfélagsmálum á Suðurlandi til komandi ára.

Niðurstöðurnar geta nýst sveitarfélögunum og SASS í þeirri vinnu sem framundan er við innleiðingu sóknaráætlunar og eins þegar einstök sveitarfélög vilja móta sér stefnur í mismunandi málaflokkum á komandi árum. Síðast en ekki síst getur þetta einnig verið innlegg í gerð framtíðarsviðsmynda fyrir svæðið.

## Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður vinnustofu fyrir SASS og er afrakstur vinnu sem stýrt var af KPMG. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður samantektarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá þátttakendum vinnustofunnar og jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr opinberum gögnum. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna hennar er á höndum SASS eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

# Þættir til skoðunar á Suðurlandi árið 2050



# Dæmi um mikilvægar spurningar til skoðunar í framtíðinni

## Tækniþróun

Hvernig munum við takast á við áskoranir vegna tækniþróunar?

## Orkumál

Hver er framtíð stóriðju á svæðinu? Hvernig mun viðhorf í orkumálum þróast? Hvað með endurnýtingu orku?

## Samgöngur

Hvernig mun umferð um Suðurland þróast? Verða samgöngubætur og umferðaröryggi sett í forgang?

## Sjávarútvegur

Mun störfum í sjávarútvegi halda áfram að fækka með aukinni sjálfvirknivæðingu?

## Landbúnaður

Hver verður staða landbúnaðar og afurða? Verður aukin fullvinnsla afurða?

## Umhverfismál

Hvernig mun aukin umhverfisvitund og krafa um sjálfbærni hafa áhrif á atvinnulífið til framtíðar? Hvaða áhrif geta loftlagsbreytingar haft? Hvernig nýtum við auðlindirnar?

## Samvinna sveitarfélaga

Hvernig verður auknum kröfum um þjónustu við íbúa mætt?

## Innviðir

Hvernig tryggjum við trausta innviði á svæðinu til framtíðar? Hver verður staða menntunar? Hver verður staða fjölmenningar og íbúapróunar almennt?



# Æskileg framtíðarsýn fyrir svæðið til 2050\*

- Mjög fjölpjóðlegt samfélag með öflugum atvinnulífi sem byggir á orku, tækni og matvælaframleiðslu
- Sjálfbært atvinnulíf, s.s. landbúnaður sem býi yfir eigin áburðarframleiðslu og hringrás á hráefnum
- Öflugur landbúnaður með fjölbreytta framleiðslu einkennir svæðið
- Mikil orkuframleiðsla og orkutengt atvinnulíf
- Íbúafjölgun hafi tvöfaldast frá 2024
- Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf með vaxandi meðallaunum
- Gróska einkennir allt atvinnulíf



\*Skv. niðurstöðum úr könnun meðal fundargesta um framtíðarsýn.



# Helstu drifkraftar og óvissupættir í framtíðarþróun atvinnulífs og samfélags á Suðurlandi til ársins 2050

## Landbúnaður

- Ábyrg landnýting
- Nýsköpun
- Framboð og aðgengi að orku
- Nýliðun eða fækkun í greininni
- Sjálfbær í áburðarframleiðslu
- Tryggt fæðuöryggi
- Verður takmarkaður innflutningur á matvælum?
- Öflugar sjúkdómsvarnir í landbúnaði

## Sjálfbærni

- Sjálfbær fyrirtæki í heimabyggð
- Sjálfbærni í landbúnaði og öðrum rekstri

## Samgöngur

- Bættar samgöngur
- Tenging byggða
- Aukið öryggi á vegum
- Göng til Vestmannaeyja

## Orkumál

- Aukin nýting orku í nærsamfélaginu
- Græn orka
- Tækniþróun í orkumálum
- Orkuskortur eða sjálfbær orka

## Náttúra

- Hnattræn breyting
- Hlýnun
- Náttúruhamfarir

## Innviðir og samfélag

- Störf án staðsetningar
- Fjölbreytt samfélag
- Sterkir þéttbýliskjarnar og fjölbreyttir
- Betri nýting lands með dreifingu íbúa
- Inngilding íbúa og samfélagsleg áhrif
- Staðar- og fjarnám á svæðinu
- Tekjustig íbúa á Suðurlandi

## Ferðaþjónusta

- Álagsstýring náttúrunnar á áfangastöðum
- Innviðir til að mæta ferðamannastraumi
- Auknir afþreyingarmöguleikar

## Tækni

- Tækniþróun og áhrif gervigreindar



# KPMG



©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.